

Þetta skal hèreð kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim,
sem hlut eiga að máli.

1871.
4. marz.

Í dómsmálastjórninni, 4. dag marzmánaðar 1871.

Fr. Krieger.

Fr. Reinhardt.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um sýsluskiptingar.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir
hans hátign konunginum þóknazt í dag auk annars að fallast á:

1. að Mýrasýsla í vesturumdæmi Íslands, sem hingað til
hefir verið sameinuð við Hnappadalssýslu, megi vera lögsagnarum-
dæmi útaf fyrir sig, og að afgangið af sýslunni skuli vera 80 rd.
á ári;

2. að sameina megi Hnappadalssýslu við Snæfellsnessýslu
þannig, að afgangið af báðum sýslunum sameinuðum verði 40 rd.
á ári; og

3. að veita megi sýslumanni konungstíundina af Barðastrand-
arsýslu gegn afgangi, og að afgangið af öllum gjaldheimtum í
sýslunni verði fært niður til 20 rd. á ári; skal allt talið frá næsta
fardegi eða 6. júní þ. á.

Um leið og vèr gefum yður, herra amtmaður, þetta til vitundar,
yður til leiðbeiningar og svo þér sjáið um, að því verði þinglýst
og þær ráðstafanir gjörðar, sem með þarf útaf þessari breytingu
á lögsagnarumdæmum, eruð þér beðnir þess, að bjóða hlutaðeigandi
sýslumönnum, innan hæfilegs tímafrests, sem þér takið til, að
semja útskriptir þær, sem með þarf, af veðsetningabókunum, að
því leyti, er snertir Hnappadalssýslu, sem nú á að leggjast til
Snæfellsnessýslu, svo sem fyr segir, og jafnframt láta til þær
skýrslur og útskriptir af embættisbókunum, sem nauðsynlegar
verða sökum þeirrar breytingar, sem með þessu er gjörð á lög-

1871.

4. marz.

sagnarumdæmunum. Því skal við bætt, að kostnaðinn við útskrift-irnar af veðsetningabókunum má greiða af jafnaðarsjóði amtsins.

4. marz.

23. Tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl. (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl., bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Í kaupstaðnum Reykjavík skal byggja hegningarhús; í því skulu útteknar vinnuhegningar þær, sem menn eru dæmdir í fyrir afbrot, sem mál er höfðað útaf á Íslandi.

2. grein.

Til þess að framkvæma fangelsishegningar skal fyrst um sinn byggja sjö fangelsi, sumsè eitt í sameiningu við hegningarhúsið handa Reykjavík og nokkrum hluta suðuramtsins, og sitt á hverjum stað, á Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri, Húsavík og Eskifirði. Það skal falið á hendur stiptamtanni, að setja hinar nákvæmari reglur fyrir því, úr hverjum þinghám skuli setja dæmda afbrota-menn í hvert einstakt fangelsi. Þar að anki skulu fangelsin vera varðhaldsfangelsi fyrir þá þinghá, þar sem hvert einstakt fangelsi er, og, ef stiptamtmaður segir svo fyrir, þá einnig fyrir þá eða þær þinghár, sem næstar eru.

3. grein.

Verði það í fleiri þinghám, en nú er, gjört sýslumönnum að skyldu að hafa bólfestu á tilteknum stað innan sýslu, skal dóms-málastjórninni heimilt, að láta byggja fleiri fangelsi, þar sem sérstaklega er þörf á því, og skal þá byggja fangelsið á heimili þess sýslumanns, sem í hlut á.